



181. fundur

sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar

haldinn í Kjarna fimmtudaginn 26. nóvember kl. 13:00

Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Árni Pétur Hilmarsson, Heiða Guðmundsdóttir, Ragnar Bjarnason og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson.
Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun Þingeyjarsveitar fyrir árið 2016 og árin 2017-2019 – fyrri umræða
2. Fundargerð Fræðslunefndar frá 17.11.2015
3. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 19.11.2015
4. Sprengisandslína – beiðni um umsögn
5. Tækjaleigusamningur vegna Stórutjarnaskóla
6. Eldri borgara í Þingeyjarsveit – erindi
7. Meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi – bréf

1. **Fjárhagsáætlun Þingeyjarsveitar fyrir árið 2016 og árin 2017-2019 – fyrri umræða**
Fjárhagsáætlun Þingeyjarsveitar fyrir árið 2016 og árin 2017-2019 tekin til fyrri umræðu. Skrifstofustjóri mætti til fundarins undir þessum lið. Sveitarstjóri og skrifstofustjóri gerðu grein fyrir áætluninni. Fyrri umræðu framhaldið og fjárhagsáætlun vísað til síðari umræðu.

2. **Fundargerð Fræðslunefndar frá 17.11.2015**

Lögð fram fundargerð Fræðslunefndar frá 17. nóvember s.l. Margrét gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í fjórum liðum.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

3. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 19.11.2015

Lögð fram fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 19. nóvember s.l. Ásvaldur gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í þremur liðum.

1. liður fundargerðar; Holtakot í Þingeyjarsveit, umsókn um stofnun lóðar.

Sveitarstjórn samþykkir tillögu nefndarinnar að fella eldri samþykkt úr gildi og samþykkja nýja staðsetningu lóðarinnar og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að stofna lóðina í fasteignagrunni Þjóðskrá.

2. liður fundargerðar; Kotungsstaðir í Fnjóskadal, umsókn um stofnun lóða.

Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að stofna lóðirnar í fasteignagrunni Þjóðskrár.

3. liður fundargerðar; Kambsstaðir í Ljósavatnsskarði, umsókn um stofnun lóðar.

Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að stofna lóðina í fasteignagrunni Þjóðskrár.

4. Sprengisandslína – beiðni um umsögn

Fyrir fundinum liggur tillaga að matsáætlun um Sprengisandslínu og erindi frá Jakobi Gunnarssyni f.h. Skipulagsstofnunar, dags. 29. október s.l. þar sem óskað er eftir að Þingeyjarsveit gefi umsögn um meðfylgjandi tillögu skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 106/2000 og 15. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum. Tilgangur framkvæmdarinnar er að bæta raforkukerfi landsins, auka flutningsgetu þess, öryggi raforkuafhendingar og gæði raforku.

Sveitarstjórn leggur til að skilyrt verði að samhliða matsáætlun fyrir Sprengisandslínu, verði einnig lögð fram matsáætlun vegna umhverfismats um varanlega veglagningu um Sprengisand. Ragnar Bjarnason sat hjá við afgreiðslu þessa liðar.

5. Tækjaleigusamningur vegna Stórutjarnaskóla

Lagður fram tækjaleigusamningur Landsbanka Íslands og Advania við Stórutjarnaskóla um tölvubúnað o.fl. til þriggja ára að fjárhæð 2.866.603 kr. Upphæð samnings er samkvæmt fjárhagsáætlun 2015 er varðar búnaðarkaup.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi tækjaleigusamning Advania og Landsbanka Íslands og felur sveitarstjóra að skrifa undir hann.

6. Eldri borgarar í Þingeyjarsveit – erindi

Tekið fyrir erindi frá ferðanefnd Félags eldri borgara í Þingeyjarsveit, dags. 14. nóvember sl. þar sem óskað er eftir styrk að fjárhæð 600 þús.kr. vegna sumarferðar félagsins 2016.

Sveitarstjórn samþykkir erindið og vísar til gerðar fjárhagsáætlunar 2016.

7. Meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi – bréf

Fyrir fundinum liggur bréf frá Ólöfu Hörpu Jósefsdóttur f.h. Flokkunar, dags. 6. nóvember s.l. Í kjölfar nýrrar svæðisáætlunar vill stjórn Flokkunar Eyjafjörður ehf. kanna hvort áhugi er fyrir stofnun byggðasamlags eða félags í öllum landsfjórðungnum á þessu sviði. Tilgangur félagsins yrði að halda utan um úrgangsmál á svæðinu og fylgja svæðisáætlun eftir. Verkefnið yrði jafnframt að stuðla að aukinni samvinnu á Norðurlandi með áherslu á fræðslu, hagsmunagæslu og gagnaöflun.

Afgreiðslu frestað og sveitarstjóra falið að afla frekari upplýsinga.

Til kynningar:

- a) Menningarmiðstöð Þingeyinga – fjárhagsáætlun
- b) Fundargerðir 272., 273. og 274. fundar stjórnar Eypings

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:45

Arnór Benónýsson

Margrét Bjarnadóttir

Ásvaldur Ævar Þormóðsson

Árni Pétur Hilmarsson

Heiða Guðmundsdóttir

Ragnar Bjarnason

Sigurður Hlynur Snæbjörnsson